

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 7. maí 2021  
Tilvísun: 202104-0031/42-1-1  
SS, LA  
þlp/ss

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), 709. mál.**

Við er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 16. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku). Náttúrufræðistofnun Íslands þakkar fyrir þann frest sem henni var veittur til að skila umsögninni.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er jákvætt að setja skýran lagaramma um málsmeðferð vindorkukosta, ekki síst í ljósi aukinna áforma um virkjun vindorku hér á landi.

Með frumvarpinu er tekin ákvörðun um að innleiða meðferð vindorku inn í lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, frekar en að setja sér lög eða treysta á hefðbundna ferla mats á umhverfisáhrifum og leyfisveitinga við ákvarðanatöku um staðsetningu og starfsemi vindorkuvera. Náttúrufræðistofnun telur að það sé skynsamleg ákvörðun þar sem heppilegra sé að umfjöllun og málsmeðferð sé ekki of ólík því sem tíðkast um vatnsafls- og jarðvarmavirkjunarkosti. Í ljósi sérstöðu vindorku er í frumvarpinu þó lögð til öðruvísi málsmeðferð á vettvangi rammaáætlunar þar sem markmiðið er að einfalda og flýta ferlinu í samanburði við hið hefðbundna verklag verkefnastjórnunar rammaáætlunar. Til dæmis þarf ekki samþykki Alþingis á neinum tímavarki og ekki er hægt að flokka virkjunarkosti í bið. Náttúrufræðistofnun telur að tryggja þurfi að einföldun og stytting á málsmeðferðarfyrirkomulagi verði aldrei til þess að ekki gefist nægjanlegt tækifæri til að meta umhverfisáhrif þeirra vindorkukosta sem verkefnastjórnin fær til úrvinnslu. Tryggja þarf t.d. að verkefnastjórn geti tryggt útfærslu og aðkomu faghópa eins og við á. Verkefnastjórn er gefið mikið frelsi um hvort og hvernig leitað sé til faghópa. Með umtalsvert styttri úrvinnslutíma eins og stefnt er að er alltaf hætt á að aðkoma faghópa verði of takmörkuð.

Stærsta sérkenni málsmeðferðar vindorku í samanburði við aðra orkukosti eins og það er lagt fram í frumvarpinu, er sú að áður en kemur að aðkomu verkefnastjórnar rammaáætlunar, fer fram flokkun á vindorkukostum byggt á tilteknum einkennum landssvæða. Þar með eru tiltekin landsvæði útilokuð með öllu frá uppbyggingu vindorku. Þetta eru svæði náttúruverndar og menningarminja. Önnur svæði falla í flokk 2, svæði sem geta í eðli sínu talist viðkvæm með tilliti til hagnýtingar vindorku og lagt er til að verkefnastjórn rammaáætlunar fjalli um, og svo þriðji flokkurinn sem í eru svæði sem ekki falla í framangreinda flokka (flokk 1 og 2) og þar



sem áform um vindorkuuppbyggingu fylgja hefðbundnu fyrirkomulagi leyfisveitinga og umhverfismats.

Samsetning þessara flokka er útskýrð og rökstudd í meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar (707. mál) og er vísað í umsögn Náttúrufræðistofnunar um þá tillögu varðandi afstöðu stofnunarinnar til flokkunarinnar og hvernig hún er framkvæmd.

Náttúrufræðistofnun telur að margt gott felist í þessu fyrirkomulagi. Með þessu móti sé sannarlega tryggt að náttúruverndarsvæði séu undanskilin frá uppbyggingu vindorkuvera og að önnur viðkvæm svæði séu skoðuð sérstaklega. Hins vegar tekur Náttúrufræðistofnun undir þá skoðun sem kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að ef til vill væri betri og einfaldari nálgun að stjórnvöld myndu leggja til heppilegustu staðsetningar fyrir vindorkuver á Íslandi utan svæða náttúruverndar og menningarminja. Það er skynsamlegt að staðsetja stærstu vindorkuverin nálægt öðrum virkjanamannvirkjum t.d. vatnsafls- eða jarðvarmavirkjunum á svæðum sem þegar eru röskuð og þar sem hægt er að nýta þá innviði og góðu tengsl við raforkuflutningskerfið sem fyrir eru. Þetta er sambærileg skoðun og kemur fram í umfjöllun um 2. grein í greinargerð frumvarpsins þar sem segir “*Hugsanlega kann jafnvel að vera heppilegra, t.d. út frá sjónrænum áhrifum og tengingum við flutningskerfi raforku, að frekar verði reynt að ýta undir þá þróun að vindorkuver sem ákveðið verður að reisa séu frekar stór og fá og vel staðsett, en að þau verði mörg og dreifð og byggist hugsanlega upp á stöðum sem ekki eru heppilegir fyrir slíka starfsemi af náttúrulegum og kerfislegum ástæðum*”. Náttúrufræðistofnun telur að það væri einmitt heppilegra, en aðferðafræði sú sem frumvarpið felur í sér er ekki líkleg til að beina þróun vindorku héraendis í þá átt.

#### **Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins:**

Í **2. grein** er bætt við í nágildandi lög skilgreiningu á vindorku. Þar er miðað við að einungis nýting vinds til framleiðslu raforku sem nemur 10 MW eða meira falli undir ákvæði laganna. Þar með eru öll smærri vindorkuver undanskilin. Það þýðir að uppbygging smærri vindorkuvera á mikilvægustu náttúruverndarsvæðum landsins séu ekki útilokuð. Náttúrufræðistofnun telur 10 MW viðmiðið vera of hátt. Til dæmis þyrfti mjög stóra vindmyllu ef ein slík ætti að framleiða 10 MW. Betra væri að hafa þetta viðmið lægra. Náttúrufræðistofnun tekur annars undir með Umhverfisstofnun í umsögn þeirra þar sem segir að “*fjöldi vindmylla, stærð þeirra og flatarmál framkvæmdasvæðis [sé] meira lýsandi mælikvarði en uppsett afl til þess að meta umhverfisáhrif*”.

Virðingarfyllt,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson  
forstjóri

